

# Ársskýrsla 2010



**Ríkismennt**

## Starfsemi Ríkismenntar SGS árið 2010



Efnisyfirlit:

- Inngangur..... bls. 3
- Stjórn og starfsmenn..... bls. 4
- Helstu verkefni Ríkismenntar..... bls. 5
- Einstaklingsstyrkir..... bls. 7
- Frá starfi stjórnar á árinu 2010..... bls. 10
- Fræðsla og kynningarstarf..... bls. 12
- Lokaorð..... bls. 13

Fylgiskjöl:

- Rekstrarreikningur 2010
- Efnahagsreikningur 2010

## **Inngangur**

Árið 2010 er fimmta starfsár Ríkismenntar SGS. Ríkismennt tók formlega til starfa 1. júní árið 2005. Sjóðurinn er þróunar- og símenntunarsjóður starfsmanna ríkisins á landsbyggðinni innan aðildarféлага Starfsgreinasambands Íslands (SGS).

Markmið sjóðsins er eins og kemur fram á heimasíðu Ríkismenntar annars vegar að efla símenntun starfsmanna og hins vegar að auka möguleika stofnana á að þróa starfsvið sitt þannig að það samræmist þeim kröfum sem gerðar eru til stofnana á hverjum tíma.

Sjóðurinn hefur tekjur sínar þannig að skv. kjarasamningi greiðir atvinnurekandi 0.57% á laun starfsmanna. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir og sinnir hlutverki sínu með eftirfarandi hætti:

### **Þróunar- og stofnanadeild (0,35%)**

- Veitir styrki til fræðsluverkefna hjá þeim stofnunum og atvinnurekendum sem í sjóðinn greiða.
- Veitir styrki til fræðsluverkefna hjá þeim stéttarfélögum sem að sjóðnum standa
- Fjármagnar þau verkefni sem sjóðsstjórn skipuleggur.

### **Starfs- og símenntunardeild (0,22%)**

- Veitir styrki til einstaklinga, félagsmanna aðildarfélaganna, til þess að þeir geti átt kost á að sækja nám/námskeið með vinnu án verulegs kostnaðar.

Styrkir eru afgreiddir með tvennum hætti, annars vegar sækja einstaklingar um styrk á þar til gerðum eyðublöðum hjá viðkomandi stéttarfélagi sem sér um afgreiðslu í umboði Ríkismenntar. Stéttarfélagið sækir síðan um endurgreiðslu til Ríkismenntar. Öllum vafaatriðum vegna einstaklingsstyrkja er vísað til framkvæmdastjóra sjóðsins og ef einstaklingar eru ósáttir við afgreiðslu hans eiga þeir möguleika á að vísa umsókn sinni til stjórnar Ríkismenntar og þá til endanlegrar afgreiðslu.

Hins vegar sækja stéttarfélög, stofnanir og aðrir atvinnurekendur um styrk til stjórnar með því að senda rafræna umsókn þar sem fram koma helstu upplýsingar vegna viðkomandi fræðsluverkefna.

## **Stjórn Ríkismenntar**

Stjórn Ríkismenntar er skipuð fjórum fulltrúum, tveir skipaðir af Starfsgreinasambandi Íslands og tveir frá fjármálaráðuneytinu.

### **Fulltrúar Stargreinasambands Íslands:**

Signý Jóhannesdóttir, formaður Stéttarfélags Vesturlands og varaforseti ASÍ  
Skúli Thoroddsen, framkvæmdastjóri Stargreinasambands Íslands

### **Fulltrúar ríkisins:**

Ásta Lára Leósdóttir, formaður stjórnar, sérfræðingur á starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins  
Ásgeir M. Kristinsson, deildarstjóri launadeildar skrifstofu mannauðsmála, Landspítala

### **Starfsmenn Ríkismenntar:**

Kristín Njálisdóttir, framkvæmdastjóri Landsmenntar veitir sjóðnum forstöðu skv. þjónustusamningi þar um.  
Eyjólfur Bragason kom til starfa hjá Landsmennt í nóvember 2010 og sinnir einnig verkefnum fyrir Ríkismennt.


Á starfsárinu 2010 voru haldnir 9 stjórnarfundir auk annarra samstarfsfunda s.s. með Starfsmennt fræðslusetri, Flóamennt, Starfafli, Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks, VMST (einnig Landsmennt og Sveitamennt) varðandi mál sem tengjast öllum þessum fræðslusjóðum.

## Helstu verkefni Ríkismenntar SGS


Eins og áður sagði vinnur stjórn Ríkismenntar eftir vinnureglum sem hún hefur sett sér um úthlutun styrkja, en aðildarfélögin sjá um greiðslu einstaklingsstyrkja í umboði Ríkismenntar.

Á eftirfarandi myndum má sjá tölfræðilega úttekt á úthlutun sjóðsins þ.e. fjölda styrkja, fjölda þeirra einstaklinga og stofnana sem fengu úthlutað styrk og að lokum hvaða námskeið voru haldin. Heilbrigðisstofnanir eru eðlilega áberandi í þessari greiningu enda flestir félagsmenn sem eiga aðild að sjóðnum sem starfa þar. Fagnámskeið I var einnig haldið á heilbrigðisstofnun. Stéttarfélögin sækja einnig töluvert í hann og þá færast í vöxt að starfsfólk framhaldsskólanna nýti sér rétt sinn hjá sjóðnum.

### Fjöldi námskeiða



### Fjöldi þátttakenda




Flestir félagsmenn sem eru í verkalýðsfélögum innan SGS starfa á heilbrigðisstofnunum og því er eðlilegt að flest námskeið sem haldin eru séu á vegum heilbrigðisstofnana eða haldin að beiðni þeirra. Stéttarfélögin eru einnig dugleg að bjóða félagsfólki sínu upp á námskeið, en þau eru oftast haldin með þeim tilgangi að styrkja félagsmanninn í sínu starfi með námi/námskeiði s.s. í tölvufærni, sjálfstyrkingu og hópefli. Þá halda stéttarfélögin ýmis tólmundarnámskeið en þeim er ætlað að efla samkennd meðal þeirra og hjálpa þeim til að taka fyrstu skrefin til

endurmenntunar. Reynslan hefur sýnt að nám leiðir af sér nám. Að lokum má benda á að það færist í vöxt að félagsmenn sem starfa við framhaldsskóla á landsbyggðinni nýti sér sjóðinn. Heildarupphæð greiddra styrkja (uppgerð verkefni) afgreiddum af stjórn nam kr. 2.004.518.- á árinu en umsóknir um styrk bárust í 12 verkefni þar sem eru samtals 215 þátttakendur.

### Yfirlit yfir þróun styrkja Ríkismenntar árin 2005 - 2010

	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Námskeið	5	7	7	10	10	12
Þátttakendur	164	105	137	129	152	208




Myndin hér að ofan sýnir hvernig þróun verkefna sjóðsins hefur verið frá því að hann hóf starfsemi sína. Námskeiðum fjölgaði á síðasta ári og að sama skapi hefur þátttakendum fjölgað í takti við eðli verkefnanna. Það er óhætt að segja að þátttaka í fræðslu með styrk frá Ríkismennt hafi tekið vel við sér á tveimur síðustu árunum.

## Einstaklingsstyrkir árið 2010

Afgreiddar voru 165 umsóknir frá einstaklingar sem sóttu um styrk í sjóðinn, 155 konur og 10 karlar. Samtals var greitt vegna þessara styrkja kr. 3.608.688.- eða tæplega kr. 22.000.- að meðaltali á hvern einstakling.


### Þróun á fjölda afgreiddra einstaklingsfyrirtækja 2010



Myndin sýnir hvernig fjöldi einstaklingsstyrkja dreifist á þau 12 félög sem nýttu sér sjóðinn á árinu.

Hér má sjá hvernig einstaklingsstyrkir dreifast á landshluta.


### Hlutfall einstaklingsstyrkja á landshluta 2010



	Suðurland	Austurland	Norðurl Eystra	Norðurl Vestra	Vestfirðir	Vesturland	Suðurnes
Hlutfall	9,1%	20,0%	24,8%	18,2%	8,5%	13,9%	5,5%




## Einstaklingsstyrkir 2010




Kynjaskipting á úthlutuðum styrkjum er lík milli ára og endurspeglar hlutfall kynja þeirra sem aðild eiga að sjóðnum.

Aldursdreifing þeirra sem fengu styrk staðfestir, að flestir þeir er sækja sér endurmenntun eru á aldrinum 30 til 60 ára eða 73% þýðisins.

## Aldursdreifing einstaklingsstyrkja 2010




## Flokkun námskeiða 2010



Líkt og undanfarin ár er starfsnám fyrirferðarmest þegar flokkun námskeiða er skoðuð. Sama þróun á sér stað um fjölda þeirra sem sækja nám í framhalds- og háskóla, 31% fara nú í slíkt nám en voru 24% í fyrra.

## Þróun á fjölda afgreiddra einstaklingsstyrkja Ríkismenntar 2005-2010



## Frá starfi stjórnar á árinu 2010

- **Ökunám og aukinn styrkur til náms**

Í maí var samþykkt óbreytt afgreiðsla styrkja vegna almenns ökuþrófs, en sjóðurinn hefur niðurgreitt slíkt próf um nokkurt skeið með einstaklingsstyrkjum. Þá var samþykkt að þeir félagsmenn sem ekki hafa nýtt sér rétt á fræðslustyrk í þrjú ár eða lengur geti tekið út sem svarar kr. 132.000.- Þessi regla tók gildi frá og með 1. júlí 2010. Frá og með 1. janúar 2011 hækkaði þessi upphæð í kr. 180.000.- til samræmis við upphæð einstaklingsstyrks sem er að hámarki kr. 60.000.- (s.s. samanlagður styrkur í 3 ár).

- **Samstarf við Vinnumálastofnun**

Á fjórða ársfjórðungi ársins 2010 voru 13.200 manns án atvinnu. Tölur Vinnumálastofnunar frá í desember 2010 sýna að 1.112 einstaklingar, eða tæp 40% atvinnuleitenda á aldrinum 16-25 ára, hafa verið án atvinnu í hálf ár sem er sú viðmiðun sem notað er til að skilgreina langtíma atvinnuleysi. Þar af hafa 599 eða 54% verið án atvinnu lengur en eitt ár. Þetta er mikið áhyggjuefni því erlendar rannsóknir sýna að ungt fólk er sérstaklega viðkvæmt fyrir afleiðingum langtíma atvinnuleysis.

Símenntunarstöðvar hafa boðið upp á námsleiðir þar sem fullorðið fólk á vinnumarkaði hefur nýtt sé í auknum mæli í þeim tilgangi að styrkja sig í starfi. Á árinu 2010 var gert átak með samvinnu stjórnvalda, Vinnumálastofnunar, fræðsluaðila og fræðslusjóða undir heitinu Ungt fólk til athafna. Í átakanu felst að gefa ungum atvinnuleitendum tækifæri til að sækja námskeið í fjölbreyttum starfstengdum námsleiðum sem flest leiða til aukinna réttinda og möguleika á vinnumarkaði.

Stjórn Ríkismenntar samþykkti þátttöku í samstarfi fræðslusjóða við Vinnumálastofnun um vinnulag vegna fjármögnunar sjálfvalinna námskeiða atvinnuleitenda. Um er að ræða sameiginlega aðkomu að fjármögnun náms/námskeiða þar sem VMST hefur heimild skv. reglugerð að greiða 50% kostnaðar (hámark kr. 70.000.- á önn). Ríkismennt og aðrir sjóðir munu fjármagna það sem eftir stendur eða 50% kostnaðar (að fullu greitt) vegna atvinnuleitenda enda eigi þeir aðild að sjóðnum.

- **Kynningarefni**

Á haustdögum var samþykkt að hafin yrði vinna við að endurnýja allt kynningarefni Ríkismenntar, m.a. bæta við sérstökum bæklingi til stofnana ríkisins og sameiginlegum bæklingi um verkefnið Fræðslustjóri að láni með Sveitamennt.

- **Fræðslustjóri að láni**

Í desember var fyrsti samningurinn gerður um Fræðslustjóra að láni. Gerður var samningur við Heilbrigðisstofnun Vesturlands um fræðslustjóra að láni til að greina fræðsluþörf og móta fræðsluáætlun fyrir stofnunina í framhaldinu. Ríkismennt gerði samning við

Símenntunarmiðstöð Vesturlands um að vinna umrædda þarfagreiningu og fræðsluáætlun sem einnig er unnið í samstarfi við Markviss ráðgjafa frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

Verkefnið Fræðslustjóri að láni hefur mælst mjög vel fyrir og má merkja áhuga hjá stofnunum um að nýta sér þessa leið til að gera þarfagreiningu og í framhaldinu fræðsluáætlun. Ríkismennt, Sveitamennt, Landsmennt, Starfsafl og Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks eiga gott samstarf varðandi verkefnið en það er í boði hjá öllum þessum fræðslusjóðum.

- **Samstarfssamningur Ríkismenntar og Fræðslusetursins Starfsmennt**

Á síðasta fundi ársins afgreiddi stjórn samning á milli Ríkismenntar og Fræðslusetursins Starfsmenntar er veitir félagsmönnum sem eru félagsmenn í aðildarfélögum innan SGS kleift að sækja námskeið sem Fræðslusetrið Starfsmennt heldur vítt og breytt um landið. Ríkismennt mun greiða fyrir þátttöku þeirra almennu starfsmanna ríkisstofnana sem heyra undir sjóðinn.

- **Endurskoðun á reglum um gagnkvæman réttindaflutning fræðslusjóða**

Fræðslusjóðirnir Ríkismennt, Landsmennt, Sveitamennt, Starfsafl, Sjómennt og Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks hafa unnið eftir reglum frá árinu 2004 um gagnkvæman réttindaflutning á milli félaga. Í vetur voru samþykktar nýjar reglur sem samdar voru af starfsmönnum sjóðanna. Reglurnar voru samþykktar af stjórn og hljóða eftirfarandi:

Þegar félagsmaður sem er í félagi sem á aðild að fræðslusjóðunum flytur réttindi sín á milli sjóða skal senda félagasögu viðkomandi starfsmanns á milli félaga/sambanda. Sjóðirnir reikni út réttindi starfsmanns samkvæmt þeim reglum er þeir vinna eftir. Meginreglan við þessa aðferð er að eftir flutning verði réttindin hvorki lakari né betri en þau réttindi sem þeir hefðu haft hefðu þeir verið sambærilegan tíma í nýja félaginu.

Þegar starfsmaður flytur sig frá VR/LÍV yfir í til Ríkismenntar, Sveitamenntar, Landsmenntar/Starfsafls er nauðsynlegt að senda félagasögu síðustu þriggja ára, ef starfsmaðurinn hefur ekki nýtt sér rétt sinn til fræðslustyrkja á þessum tíma fellur hann undir eftirfarandi reglu sjóðsins: „*Aukinn styrkur til náms. Félagsmenn sem ekki hafa nýtt sér rétt sinn síðustu 3 ár, eiga rétt á styrk allt að kr. 180.000.- fyrir eitt samfellt nám/námskeið*“. Hafi starfsmaður nýtt rétt sinn á þessum tíma nægir að senda félagasögu síðustu 12 mánuða.

## Fræðsla og kynningarstarf

Kynningarstarf er nauðsynlegur þáttur í starfi Ríkismenntar. Lagður er metnaður í að heimsasiðan sé ávallt með réttar upplýsingar um réttindi félagsfólks og því fluttar fréttir af starfi sjóðsins. Framkvæmdastjóri hefur reglulega skrifað greinar í blöð og tímarit ásamt því að auglýsa sjóðinn í blöðum stéttarféлага, símenntunarstöðva og öðrum fjölmiðlum er tengjast sjóðnum.

Heimsóknir til stofnana skilar jafnan góðum árangri. Fundað er með stjórnendum og starfsmönnum þar sem starfsemi sjóðsins er kynnt. Bæklingar með kynningarefni eru skildir eftir. Þótt hér sé um tímafrekt verk að ræða sýna dæmin að stjórnendur taka oft vel við sér og hrinda af stað ýmis konar fræðslu sem sjóðurinn styrkir.

Starfsmenn fóru m.a. í heimsókn til Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, Símenntunarstöðvar Vesturlands og Stéttarfélags Vesturlands. Í framhaldi af því var gerður fyrsti samningurinn um verkefnið Fræðslustjóra að láni við Heilbrigðisstofnun Vesturlands eins og áður er getið. Heilbrigðisstofnun Vesturlands nær nú yfir starfsemi á fimm stöðum allt frá Akranesi, Borgarnesi, Snæfellsnesi, Hól mavík og Hvammstanga. Einnig var gerður samningur við Símenntunarmiðstöð Vesturlands um framkvæmd verkefnisins.

Í lok ársins hófst undirbúningur að útgáfu nýrra bæklinga Ríkismenntar eins og áður kom fram, bæklingur um einstaklingsstyrki og sameiginlegan bækling með Sveitamennt um verkefnið Fræðslustjóri að láni.

## Lokaorð

Þau rúmlega fimm ár sem Ríkismennt hefur starfað hefur starfsemin aukist jafnt og þétt og ánægjulegt er að sjá að sjóðurinn er að verða kunnur flestum þeim sem eiga rétt á að sækja um styrk til hans.

Það er flestum að verða ljóst hve mannaúður er mikilsverður og hve vel það fer saman að markviss áætlun í símenntun þar sem markmið stofnana og endurmenntun starfsmanna fela í sér sömu markmið. Það hlýtur því að vera takmark fræðslusjóða að ná eyrum sem flestra stjórnenda og starfsmanna um mikilvægi símenntunar og starfsþróunar m.a. með áhugaverðu kynningarefni og heimsóknum.

Menntun hefur áhrif á möguleika einstaklinga á vinnumarkaði og félagslega stöðu hans. Aukin menntun leiðir oft en ekki til meiri samfélagslegrar virkni, fleiri tækifæra á vinnumarkaði, betri launa og betri heilsu. Það er því ánægjuefni að víðtæk samvinna hefur tekist á milli aðila er málið varðar til að bjóða einstaklingum, ekki síst einnig þeim sem eru í avinnuleit, upp á tækifæri til að auka við menntun sína. Það eitt að taka fyrsta skrefið með þátttöku í námskeiði hefur oft verið leiðin að frekari námi á ýmsum sviðum ekki síst innan formlega skólakerfisins.

Á ráðstefnu í nóvember 2010 um innleiðingu laga um framhaldsfræðslu flutti Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra ávarp og sagði m.a. eftirfarandi:

„Atvinnurekendur og launþegar hafa unnið afar mikilvægt frumkvöðlastarf í að þróa fullorðinsfræðslu hér á landi. Fullorðinsfræðslan sem slík er hins vegar ekki aðeins hagsmunamál þeirra heldur samfélagslegt verkefni, hluti af okkar samábyrga velferðarsamfélagi. Að sjálfsögðu munum við áfram treysta á náðið samstarf við þá aðila sem hafa staðið fyrir þessu öflugra framhaldsfræðslustarfi hér á undanförunum árum þó sameiginleg ábyrgð og fjármögnum verði nú sterkari þáttur í þessum málaflokki“.

Sú kreppa sem lagst hefur á okkur Íslendinga er mikið áhyggjuefni. Það er talið að menntun sé ein áhrifaríkasta aðgerð gegn henni. Fræðimenn hafa með rannsóknum sínum bent á að menntun auki hagvöxt. Það er því brýn nauðsyn að auka tækifæri fólks til víðtækari menntunar. Aukinn áhugi atvinnurekenda um eflingu gæða, samstarfs og þátttöku í símenntun þar sem hagar einstaklinga, atvinnulífs og samfélags er í fyrirrúmi er einn af þeim drifkröftum sem nauðsynlegir eru.

Þegar starfsmenn sjá árangur með aukinni menntun í meira starfsöryggi og jafnvel hærri launum verður það þeim hvatning til dáða á þessum vettvangi. Fræðslusjóðirnir styðja og styrkja stofnanir og starfsmenn þeirra á þessari vegferð. Ríkismennt vill vera öflugur þátttakandi í þeirri ferð.

Reykjavík, júní 2011

Katrín Njálisdóttir, framkvæmdastjóri

Eyjólfur Bragason, verkefnastjóri

## Rekstrarreikningur ársins 2010

	2010	2009
Framlög .....	12.186.109	12.339.236
Úthlæðir styrkir .....	(5.613.206)	(5.886.588)
Lann og launategd gjöld .....	(470.102)	(459.839)
Skrifstofu- og sjófarumarkostnaður .....	(1.901.838)	(1.919.118)
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>4.200.963</b>	<b>4.073.691</b>
Fjármunatekjur afalnar .....	2.118.639	938.648
Fjármunatekjur .....	460.407	1.597.922
Fjármagnsgjöld .....	(84.858)	(189.651)
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>6.695.151</b>	<b>6.420.610</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2010

Eignir	31.12.2010	31.12.2009
<b>Veltufjármunir</b>		
Vísiskiparöfur .....	98.951	96.572
Markaðsversubréf .....	22.913.778	11.438.048
Sjóður og bankamístæður .....	9.658.578	14.393.682
	<u>32.671.307</u>	<u>25.928.302</u>
<b>Eignir</b>	<b>32.671.307</b>	<b>25.928.302</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>	<b>31.12.2010</b>	<b>31.12.2009</b>
<b>Eigið fé</b>		
Orðstafað eigið fé .....	32.527.558	25.832.407
<b>Eigið fé</b>	<b>32.527.558</b>	<b>25.832.407</b>
<b>Skammtimaskuldir</b>		
Vísiskipaskuldir .....	44.798	0
Aðrar skammtimaskuldir .....	98.951	95.895
<b>Skuldir</b>	<b>143.749</b>	<b>95.895</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>	<b>32.671.307</b>	<b>25.928.302</b>